

Dómi þessum skal fullnustu veita áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Nr. 27/1914

Réttvísinn

gegn

Guðmundi Ingibjarti Kristjánssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 12. febrúar þ. á., var hinn ákærði Guðmundur Ingibjartur Kristjánsson dæmdur samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga og með skírskotun til 58. gr. og 40. gr. sömu laga fyrir einfaldan þjófnað framinn í annað sinn til að sæta fangelsi við vatn og brauð 2 × 5 daga; svo var hann og dæmdur til að greiða málskostnað í héraði.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Hinn ákærði, sem er fæddur 4. desember 1885 og þannig kominn yfir lögaldur sakamanna, var hinn 16. maímán. f. á. dæmdur fyrir aukarétti Ísafjarðarsýslu í 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir framinn einfaldan þjófnað, og hefir hann úttekið þessa refsingu í fangahúsi Ísafjarðarkaupstaðar. Nú er hann í þessu máli aftur sakaður um þjófnað, og er það með játningu hans og öðrum skýrslum sannað, að hann hafi rétt fyrir síðastliðin jól stolið brúkaðri regnkápu úr anddyri á húsi einu á Ísafirði og selt hana daginn eftir Friðriki nokkrum Andréssyni fyrir 5 krónur. Kápan, sem upprunalega hafði kostað 20 kr.

var afhent réttum eiganda aftur. Um vitsmuni og gáfnafar ákærða hafa sóknarprestar hans vottað það, annar, »að gáfnafar hans sé svo vangefið, að honum geti tæplega ætlast sjálfstæð tilfinning fyrir eignarrétti«, og hinn, að hann hafi heyrt þess getið, «að hann væri mjög einfaldur», og í hinu fyrra sakamálinu gegn honum kallar verjandi hans hann hálfgerðan fábjána, ef ekki bjána. Ákærði gaf þó fyrir rannsóknarréttinum greið og glögg svör, og eftir því sem fram er komið í málinu að öðru leyti, verður hann eigi kallaður bjáni eða yfirleitt tillit tekið til 40. gr. hegningarláganna, þegar meta skal sakhæfi hans. Hann hefir eigi áður sætt refsingu, nema í þetta eina sinn, er að framan er greint, og er brot hans nú af undirdómaranum réttilega heimfært undir 232. gr. 1. málsg. hegningarláganna, og þykir refsingin samkvæmt henni hæfilega ákveðin 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði verður og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðmundur Ingibjartur Kristjánsson sæti 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi; þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum yfirrétt-

armálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr, 29/1914

Hið opinbera

gegn

Valdimar Valdimarssyni.

Steingrími Árnasyni

og

Guðmundi St. Guðmundssyni.

#### Dómur:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdsstjórnarinnar fyrir lögreglurétti Ísafjarðarsýslu gegn Valdimar Valdimarssyni, Steingrími Árnasyni og Guðmundi St. Guðmundssyni mótorbátsformönnum í Hnífsdal fyrir brot á lögum um váttryggingu fyrir sjómenn 30. júlí 1909 og voru þeir með dómi lögregluréttarins, uppkveðnum 2. apríl þ. á., dæmdir til að greiða váttryggingargjald fyrir vor- og sumarvertíð 1913, Valdimar 20 kr. 16 a., Steingrímur 30 kr. 96 a. og Guðmundur 25 kr. 92 a. og málskostnað einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Þessum dómi er skotið til yfirdómsins bæði af hálfu valdstjórnarinnar og eftir beiðni hinna kærðu.

Það er viðurkent af hinum kærðu og sannað með öðrum skýrslum, að þeir réðu háseta á báta sína vor- og sumarvertíð f. á. og héldu bátunum úti, án þess að senda hreppstjóranum skýrslu þá um bátshöfnina, sem fyrir er